

Mál nr. 50/2017

**M og
V vegna bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

Sönnun áreksturs 12.10.2015.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 13.2.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 27.2.2017.

Tölvupóstur V, dags. 27.2.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi komið á lögreglustöð til að tilkynna árekstur á Miklubraut. Í skýrslu ökumannsins kemur fram að hún taldi að bifreið A hafi verið ekið utan í hlið sinnar bifreiðar þannig að tjón varð á henni. Ökumaður bifreiðar B sagði ökumann bifreiðar A ekki hafa stöðvað bifreið sína og því hafi hún tilkynnt málið til lögreglu. Í lögregluskýrslu kemur enn fremur fram að lögreglumaður hafi hringt í ökumann bifreiðar A og í því símtali hafi ökumaður bifreiðar A viðurkennt að hafa verið að skipta um akrein á Miklubraut og að hún hafi orðið vör við að hún ók utan í bifreið B og hafi ekki stöðvað þar sem hún taldi sig í rétti. Síðar gaf ökumaður bifreiðar A skýrslu hjá lögreglu þar sem hún neitar því að hafa ekið utan í bifreið B.

M (eigandi bifreiðar A) telur að það sé ósannað að það hafi orðið árekstur með bifreiðunum og vísar til skýrslu ökumanns bifreiðar A hjá lögreglu og þess að ekki sé ákoma á bifreið A. Einnig vísar M til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið strax viss um hvaða bifreið hafi ekið á hennar.

ABÍ telur, með vísan til gagna málsins, hafið yfir vafa að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B og ökumaður bifreiðar A beri ábyrgð á þeim árekstri. Sama afstaða kemur fram á hjá V.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað teljist að bifreið A hafi verið ekið utan í bifreið B við akstur á Miklubraut. Við mat á því verður að líta að einhverju leyti til þess sem kemur fram um samskipti ökumanns bifreiðar A og lögreglumanns strax eftir áreksturinn, þar sem ökumaður bifreiðar A viðurkennir að hafa lent í árekstri. Þó það fari í bága við upplýsingar sem hún gefur sjálf í síðargefnni lögregluskýrslu verður að líta til þess að ákoma á bifreið B passar við að dekk á bifreið A hafi lent utan í bifreið B. Þegar litið er til atvika og gagna málsins í heild lítur nefndin svo á að nægileg sönnun sé komin fram um að ökumaður bifreiðar A hafi ekið utan í bifreið B þann 12.10.2015. Eigandi bifreiðar B á því rétt á bótum hjá ABÍ vegna notkunar bifreiðar A.

Niðurstaða.

V ber að greiða bætur til eiganda bifreiðar B vegna notkunar bifreiðar A.

Reykjavík, 28. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.